

F.Hansen

Gæðastjórnun og slagregnsprófanir

Hvað er og hvernig beitum við gæðastjórnun?

Gæðastjórnun er að þekkja stöðu verkefnis, þjónustu eða framleiðslu á hverjum tíma miðað við það sem var búið að lofa viðskiptavininum.

- Út frá öllum áætlunum sem gerðar eru í verkinu.
- Verðum.
- Eiginleikum varðandi hráefni og íhluti borið saman við byggingarreglugerð og hönnun.
- Lögum og reglum sem gilda á viðkomandi sviði.
- Hönnunargögnum.
- Öryggi starfsmanna á verktíma.
- Faglegum vinnubrögðum.

Gæðastjórnun er að halda utan um stöðuna og meta hvað þarf að gera til að standa við gefin loforð.

- Með því að skrá atburði dagsins í vel skilgreinda dagskýrslu.
- Láta undirverktaka skila dagskýrslum.
- Flytja vikulega það sem þarf að ræða frekar og bregðast við, úr dagskýrslum í vikuskýrslu.
- Bera raunverulega stöðu samkvæmt vikuskýrslu saman við samninga, lög, reglur og áætlanir.
- Vista upplýsingar og tæknilýsingar um allt hráefni og íhluti.

Gæðastjórnun er að bregðast við til að halda eða rétta kúrsinn.

- Gera áhættumat um hvar þarf að beita gæðastýringu og gæðæftirliti.
- Halda skrá um frábrigði og meta kostnað og orsök frábrigða.
- Gera úrbætur og umbætur varðandi frábrigði.
- Halda vikulega verkefnafundi (innanhus fundir stjórnenda).
- Halda viku eða hálf mánaðarlega verkfundi með undirverktökum.
- Halda fundargerð og úthluta skriflegum tímasettum verkbeiðnum á alla þá sem fá verkefnum úthlutað á fundunum og láta viðkomandi staðfesta verklok, skriflega.

Gæðastjórnun er að halda viðskiptavininum vel upplýstum.

- Senda verkkaupa afrit af vikuskýrslum eða útbúa og senda honum vel skilgreinda mánaðarskýrslu.
- Halda reglubundna verkfundi með verkkaupa.

Gæðastjórnun er til að gæta okkar eigin hagsmuna.

- Halda vel utan óskir verkkaupa um aukverk og breytingar.
- Halda vel utan um frábrigði, kostnað og orsakavalda.
- Stunda umbótastarf út frá stefnumótun og úrvinnslu frábrigða.
- Halda fundargerðir og úthluta skriflegum verkefnum að öllum fundum loknum.
- Gera skriflegar verkbeiðnir og skilgreina ábyrgðaraðila.
- Vista tækni- og eiginleikalýsingar og vottanir á öllu hráefni og íhlutum.
- Skrá dagskýrslur og taka saman í vikuskýrslur.
- Meta stöðuna vikulega og gera skriflegar verkbeiðir á úrbætur.